



Dómsmálaráðuneytið
Samráðsgátt
Mál nr. 20/2022

Reykjavík 10. febrúar 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd) í samráðsgátt stjórnvalda.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir tækifærið.

Barnaheill leyfa sér að styðja við og taka undir umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarpsdrögin og þakka fyrir afar vel unna umsögn nú sem áður um sama mál og þeirra framlag til réttarverndar flóttafólks og þá sérstaklega barna.

Jafnframt taka Barnaheill undir umsögn Proskahjálpar sem og umsögn UNICEF á Íslandi um sama mál.

Að auki leggja Barnaheill áherslu á mikilvægi þess að allar ráðstafanir eða ákvarðanir yfirvalda er varða börn séu byggðar á því sem börnunum er fyrir bestu, sbr. 3. grein Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013. Af því leiðir að allar takmarkanir á réttindum barna sem festa á í lög þarf að rökstyðja og byggja á raunverulegu mati á áhrifum þeirra ákvarðana á líf barna sem hingað leita eftir alþjóðlegri vernd. Ákvarðanir sem teknar eru um takmarkanir réttinda skulu einnig vera byggðar á því sem börnum er fyrir bestu, ef þær eru yfirleitt mögulegar með því skilyrði, í því vel stæða ríki sem Ísland er. Í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir eru börn undanskilin frá réttindamissi þeim um þjónustu sem fullorðnum er gert að þola þegar synjun um vernd liggur fyrir, er það vel. Hins vegar verður að líta til þeirra áhrifa sem verða á börn ef foreldrar þeirra verða fyrir slíkum réttindamissi. Óbein áhrif á börn kæmu fram í almennt verri lífsskilyrðum fyrir börn af margvíslegum ástæðum.

Barnaheill telja að farin sé röng leið að því að bæta úr þyngslum í afgreiðslu flóttamannamála og of löngum málsmeðferðartíma með tillögum þeim sem fram koma í frumvarpinu. Það að skerða verulega rétt barna og fjölskyldna þeirra til að fá mál sín skoðuð nægilega vel eins og réttur allra stendur til, m.a. á grundvelli rannsóknarreglu stjórnvæðingaráttar og jafnframt á rétti allra til réttlátrar málsmeðferðar, er brot á mannréttindum barna. Það að endursenda börn til ríkja sem vitað er að ekki séu örugg þó þau séu sögð vera það samkvæmt lista Utanríkisráðuneytisins, svo sem Grikklands og Ungverjalands, er brot á mannréttindum barna. Samtökin telja brýnt að endurskoða þau viðmið sem stuðst er við þegar meta á hvort ríki séu örugg til endurflutnings á börnum, m.a. með tilliti til hvort ákvæðum Barnasáttmálans sé fylgt.

Barnaheill hvetja íslensk stjórnvöld til að taka aukinn þátt í flóttamannavanda heimsins með því að rýmka frekar möguleika flóttafólks, sér í lagi barnafjölskyldna, til að öðlast hér



alþjóðlega vernd og axla þannig ábyrgð sína á sameiginlegu verkefni alls heimsins, flóttamannavandanum, sem m.a. má rekja til loftslagsvandans sem vestræn ríki eiga stóran þátt í að hafa valdið. Til þess þarf að leggja fram aukið fjármagn og fjölga starfsfólki Útlendingastofnunar og gera betur fyrir hvern og einn einstakling í stað þess að draga úr einstaklingsréttindum flóttafólks.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin leggja áherslu á bann við mismunun og að jafna tækifæri allra barna til að njóta bestu mögulegu lífsskilyrða.